

**76** fellssýslu eptir því 296 kr. 6 aur., og er þetta sú upphæð, sem amtið hefir 5. júlí. lagt til að greidd verði úr búnaðarskólasjóði suðuramtsins.

Fyrir því skal jeg, um leið og jeg að öllu leyti fellst á tillögur amtsins í ofan nefndu brjefi, þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að greiða af fje suðuramtsins, sem hluta Austur-Skáptafellssýslu, 296 kr. 6 aura, annaðhvort í peningum, eða með einhverju skuldabryjefi búnaðskólasjóðs suðuramtsins, eptir samkomulagi við amtmanninn í norðuramtinu og austuramtinu, er jeg í dag hefi tilkynnt innihald brjefs þessa.

**77** **Brjef landshöfðingja til stíptisyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli** 17. júlí. **til kirkjubyggingar** (ágríp). — Með brjefi þessu var leyft, að presturinn að Auðkúlu í Húnavatnsprófastsdæmi, síra Stefán Jónsson, tæki 600 kr. lán til 20 ára handa tjeðu prestakalli til endurbyggingar Auðkúlukirkju, þannig, að lánið endurborgist af tekjum prestakallsins, að svo miklu leyti, sem tekjur kirkjunnar hrökkva eigi til.

**78** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um** 20. júlí. **rjett fjelaga, sem útlendingar eiga hlut í, til veiðiskapar í landhelgi o. fl.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. þ. m., hafid þjer, herra amtmaður, sent hingað með ýtarlegum ummælum yðar erindi frá ráðanaut innanrikistjórnarinnar í fiskiveiðamálum, kapteini í sjóliðinu Fr. Drechsel, þar sem hann fyrir hönd fiskiveiðafjelagsins »Dan« í Kaupmannahöfn, er byrjaði fyrir 2 árum að reka fiskiveiðar hjer við land, beiðist úrlausnar á þessum spurningum:

1., hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að tjeð fjelag reki fiskiveiðar í landhelgi, þótt nokkrir enskir þegnar eigi hluta í því, án þess að nöfn þeirra sjeu tilgreind á hlutabryjefunum, og

2., hvort fjelagið megi í sameiningu við enska fiskiveiðafjelagið »Anglo-Norwegian Company« hafa skip liggjandi á Önundarfirði og nota það til geymslu á is, er skyldi hafður til að varðveita aflann, svo að hann geti orðið fluttur út nýr, eða hvort fjelagið »Dan« megi ekki, ef þetta væri óleyfilegt, hafa sitt eigið skip liggjandi á Önundarfirði til isgeymslu handa skipum sínum og til þess að selja enska fjelaginu is.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að jeg er yður samdóma um, að samkvæmt því sem fyrir er mælt í opnu brjefi 7. marz 1787, 2. og 3. gr. (sbr. tilsk. 13. júní 1787, I, 2. og 10. gr.) og lögum 19. júní 1888 um síldarveiði fjelaga í landhelgi, sbr. einnig stjórnarbrjef 14. apríl 1882, sje fiskiveiðafjelaginu »Dan« ekki leyfilegt að reka fiskiveiðar í landhelgi, meðan utanríkismenn eiga hlut í því, hvort sem eigendur hlutabryjefanna eru nafngreindir eða ekki, en að jeg hins vegar gagnvart fyrirmælum tilsk. um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl. 12. febr. 1872 í 2. gr., sem að eins banna útlendum fiskimönnum að flytja afla sinn í land, hvort sem það er upp á sjálfa ströndina eða í